



Utanríkismálanefnd Alþingis

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
utn@utn.is, www.utn.is

Reykjavík, 12. desember 2022

Tilvísun: UTN22020114/15.D.413; 01.D.004; 04.D.010; 04.D.012

BHB/ajó

Efni: Mál nr. 528, þingskjal 670, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu rammasamnings um fiskveiðar milli ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja

Vísað er til ofangreinds þingmáls. Eftir framlagningu tillögunnar á Alþingi og framsögu vegna hennar kom í ljós að ekki yrði mögulegt að ljúka staðfestingu rammasamningsins á stjórnskipulegan hátt í Færeyjum, m.a. vegna þingkosninga, fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs 1. janúar nk. Til þess að rammasamningurinn öðlist gildi þurfa báðir samningsaðilar að hafa tilkynnt hvor öðrum að innlendum skilyrðum hafi verið fullnægt. Við gerð rammasamningsins var gert ráð fyrir að fyrirkomulag skv. honum myndi taka við af þeim bréfaskiptasamningi sem staðfestur var af Alþingi fyrir árið 2022, sbr. þingskjal 277 – 166. mál. Þar sem staðfesting rammasamningsins mun tefjast af hálfu gagnaðila, hefur verið gerður bréfaskiptasamningur til eins árs, með hefðbundnu sniði fyrir árið 2023 um heimildir til veiða innan lögsögu þjóðanna á því ári. Samningafundur sjávarútvegsráðherra aðila var haldinn 6. desember á fjárfundaformi. Í kjölfarið náðust samningar og fóru fram bréfaskipti að frumkvæði Færeyja þann 7. og 8. desember, sem hafa gildi þjóðréttarsamnings og eru þau hjálögð.

Heimildar Alþingis er þörf, skv. 21. gr. stjórnarskrá, til þess að staðfesta þann bréfaskiptasamning sem gengið hefur verið frá skv. framangreindu. Þar sem rammasamningurinn sem til meðferðar er hjá utanríkismálanefnd nær til þeirrar sömu heimildar, óskar utanríkisráðuneyti eftir að nefndin taki til skoðunar að breyta ályktunarorðum á þann veg að heimild verði veitt fyrir staðfestingu rammasamnings og bréfaskiptasamnings með ályktun þingsins.

Ályktunarorð þingsályktunartillögu eru svo hljóðandi: *Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd rammasamning um fiskveiðar milli ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja sem gerður var í Reykjavík 14. október 2022. Utanríkisráðuneyti leggur til að nefndin leggi til breytingar í þá átt að bætt verði við „og samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2023 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 7. og 8. desember 2022.“*

F.h.r.



Birgir Hrafn Búason, deildarstjóri þjóðréttarmála